

Lög Foreldrafélags Hlíðaskóla

með breytingum samþykktum á aðalfundi 30. nóvember 2016

- 1. grein** Félagið heitir Foreldrafélag Hlíðaskóla. Félagar eru forráðamenn nemenda skólans.
- 2. grein** Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans, samvinnu heimila og skóla og almennum framförum skólans. Markmiðum sínum leitast félagið við að ná með:
 - Öfluglu félags- og fræðslustarfi, umræðum í skólanum og aðstoð við lausn einstakra verkefna.
 - Stuðningi við skólann þannig að nám og félagsstörf verði þar ávallt svo sem best verður á kosið.
 - Starfi að málum sem hafa almenna þýðingu fyrir velferð nemenda, svo sem að húsnæðis- og lóðamálum skólans og umhverfis- og öryggismálum í skólahverfinu.
- 3. grein** Í lok hausfunda, þar sem forráðamönnum nemenda er kynnt vetrarstarfið, skal haldinn fundur í hverri bekkjardeild og þar valdir a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar úr hópi forráðamanna nemenda bekkjarins.

Bekkarfulltrúar hafa forgöngu um að forráðamenn vinni með kennara og nemendum að ýmsum málefnum, s.s. félagsstarfi í bekknum, bekkjarfundum og öðru sem miðar að því að styrkja bekkinn sem hóp og efla tengsl milli nemenda, forráðamanna og kennara.

Bekkarfulltrúar skulu starfa fram yfir haustfund og setja nýja bekkjarfulltrúa inn í störf sín.
- 4. grein** Stjórn félagsins og bekkjarfulltrúar skipa fulltrúaráð. Fulltrúarráð skal halda að minnsta kosti tvo fundi árlega. Fulltrúi skólaráðs skal boðaður á fundina.
- 5. grein** Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Eigi síðar en 15. október sé hann haldinn að hausti og eigi síðar en 15. maí sé hann haldinn að vori.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, ræður úrslitum um meginmál.